

Heimsóknir og notkun á Bókasafni Grundarfjarðar og safnkosti Grunnskóla Grundarfjarðar 2006

http://www.grundarfjordur.is/default.asp?sid_id=20569&tre_rod=001|008|001|&tld=1

Safnkostur Grunnskóla Grundarfjarðar er í umsjá Bókasafns Grundarfjarðar og eru upplýsingar um eintök beggja safnanna aðgengilegar á vefnum á <http://gegnir.is>. Nokkur hluti af gögnum grunnskólans er enn ótengdur og eins erlendar bækur á bókasafni.

Lykiltölur 2006:

	2004	2005	2006	2007
Íbúar 1.des árið fyrr		938	974	954
Skráðir lánþegar			396	
Virk skírteini fullorðnir		137	142	
Starfsmenn/st.gildi		3 / 1,39%	3 / 1,32%	
Vikur vetrar	216 dagar	41	39	
Vikur sumars		11	13	

Íbúar Grundarfjarðar voru 974 þann 1. des. 2005.

Opið var 41 viku yfir veturinn og 13 daga að sumrinu. Þjónustutími var 17 klst á viku eftir kl. 15 yfir veturinn og 20 tímar fyrir nemendur grunnskólans á morgnana. Opið var 5 klst á viku yfir sumarið. Starfsmenn eru þrír í 1,32 stöðugildum.

Sunna Njálisdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur er forstöðumaður og er oftast við f.h. og eftir kl. 15 á opnunartíma. Salbjörg Nóadóttir sér um skólasafnsvinnuna.

Guðbjörg Hringisdóttir vinnur á fimmtudögum frá kl. 15-20.

Safngögn

	2004	2005	2006	2007
Eign 31. des.	21.422	26.403	27.766	
Par af tímaritshefti	2.086	2.243	2.511	
Par af mynd + hljóð	707	791	854	
Í deildum skóla		8.181	8.985	
Á almbókasafni				

Eign 31. des. 2006 voru 27.766 eintök tengd Gegni og rúmar 600 erlendar bækur, ótengdar. Grisjun tvítaka og úreltra gagna 519 bækur.

Samanburður heimsókna 2002-2006

Ár	Fullorðnir eftir kl. 15	Börn eftir kl. 15	Leikskóla-börn	Nemendur grunnskólans	Fjöldi heimsókna alls
2002	1.464	1.352	100	4.208	7.024
2003	1.291	1.577	100		Talningu ábótavant
2004	1.132	798	60	2.934	4.864
2005	1.360	679	70	u.p.b. 2.500	4.539
2006	1.102	585	73	u.p.b. 1.375*	3.135

*Gert er ráð fyrir 25 vikum sem heimsóknir 1.-6. bekkjar tíðkast og hverja viku komi 55 nemendur í heimsókn á bókasafnið.

Talning heimsókna fer fram daglega.

Skráðir lánþegar í Bókasafni Grundarfjarðar árið 2006:

Virk skírteini fullorðinna voru 142 og fengu þeir lánuð 3492 gögn í 1102 heimsóknum.

35 börn komu 585 sinnum á bókasafnið eftir kl. 15:00.

Í grunnskólanum eru 175 nemendur og 25 kennarar.

Gestir: 3.135 heimsóknir á ári, 14,4 (21) að meðaltali á dag (218 dagar) og er það 1,5 % af 974 íbúum sveitarfélagsins á dag.

Samanburður útlána 2002-2006

	Útlán til fullorðinna	Útlán til barna og nemenda	Útlán til kennara	Útlán alls
2002	4.282	4.654	446	9.382
2003	3.670	7.290	1.065	12.025
2004	4.112	4.902	1.522	10.536
2005	4.119	5.405	715	10.239
2006	3.492	5.314	1.237	10.043

Útlán 2006: 10.043 eintök, örlítill fækkun frá fyrra ári.

Útlán á íbúa: 10,3 eintök

Þessar tölur samsvara því að 2/3 af safnkosti almenningsbókasafnsins hafi verið lánaður einu sinni, hvert eintak.

Ef námsbækur eru undanskildar (2001 stk.) má ætla að hver íbúi hafi fengið lánaðar um 8,2 (9,5) bækur (2004: 10 stk.). Útlán í stærri bókasöfnum landsins er á bilinu 8-12 eintök á íbúa.

Grunnskólinn

Hver nemendi í 1. – 6. bekk grunnskólans kom á tveggja vikna fresti í heimsókn á skólatíma (litlir bekkir vikulega). Nemendur fengu 5.314 eintök lánuð (í bekkjarheimsóknum og eftir kl. 15:00) **og kennarar** 1.237 eintök. Í þessum tölum teljast námsbækur (um 2000 stk.) með. Umsjón var í höndum Salbjargar Nóadóttur og kynnti hún þeim bókmenntir og leiðbeindi um hegðun á bókasafni. Hluti þessara tíma fer í að velja bækur til að fara með heim og gæta þess að þær séu notaðar og verði ekki innlyksa á heimilum. Safnfræðsla lá niðri árið 2006.

Dagleg notkun

Meðaltal heimsókna eftir kl. 15 hvern dag sem var opið var sem hér segir:

Yfir vetrartímann; 5 (6) fullorðnir og 2,7 (3) börn (var 7 og 5 árið 2004).

Á sumrin einn fimmtudag í viku; 6,5 (13) fullorðnir og 2,3 (5) börn (var 12 og 4 árið 2004).

Útlán á hvern fullorðinn voru 2,5 eintök í hverri heimsókn (3 árið 2005). Voru 3,6 árið 2004.

Til umhugsunar

Athuga ber að heimsóknir barna á skólaaldri eru nær eingöngu á skólatíma hér og er þörf þeirra fyrir lesefni að mestu fullnægt með því. Sjá þó 585 heimsóknir eftir kl. 15. Tölur um fjölda útlána til þeirra sérstaklega verða birtar þegar kerfið býður upp á það. Það skekkir samanburð við önnur almenningsbókasöfn að ekki hefur verið hægt að sjá hvernig útlán barna skiptast milli safnkosts á bókasafni og safndeilda í skóla. Samanlagðar tölur fyrir nemendur og almenning (bekkjaheimsóknir og almenningur) eru á svipuðu róli og hjá almenningsbókasöfnum landsins sem ekki þjóna grunnskólum. Það þýðir að fjöldi útlána og heimsókna á Bókasafni Grundarfjarðar eftir kl. 15:00 er í lægri kantinum miðað við meðaltal.

Viðburðir og verkefni

- **Sögustundir** voru fyrir börn á fimmtudögum yfir veturinn kl. 16:30. Tíminn tengdist leikfimi barna í íþróttahúsinu upp úr kl. fimm. Þátttaka var lítil en ánægjuleg.
- **Norræna bókasafnavikan** (<http://www.bibliotek.org/>) sem er í nóvember ár hvert hefst með upplestri við kertaljós. Um 15 börn með foreldrum hlustuðu á draugasögu við vasaljós þetta árið.
- **Ljóð unga fólksins** er samkeppni sem haldin er annað hvert ár fyrir ungt fólk á aldrinum 9 – 16 ára. Almenningsbókasöfn á Vesturlandi sáu um keppnina að þessu sinni. Í apríl 2006 skiluðu 26 nemendur grunnskólans inn ljóðum og voru ljóð þeirra Markúsar Harðarsonar og Pavels Koniecznys meðal þeirra sem valin voru í ljóðabók sem var gefin út um vorið.
- Bækur **Tónlistarskóla Grundarfjarðar** eru tengdar Gegni og var nótnasafnið skráð í Excel. Það telur nú um 2000 eintök.
- Almenningsbókasafnið tekur á móti **elstu börnum** Leikskólans Sólvöllum (<http://leikskoli.grundarfjordur.is/>) vikulega í sex skipti.
- Bókasafnið veitir nemendum **Fjölbrautaskóla Snæfellinga** (<http://fsn.is/>) og öðrum nemendum úr byggðarlaginu aðstoð og fyrirgreiðslu eftir föngum. Haustið 2006 fjölgaði mjög heimsóknum nemenda FSN.
- **Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla** hefur aðstöðu fyrir nokkra glerskápa til að sýna gamla muni.
- Börn 6-12 ára geta kosið um bók ársins fyrir 1. apríl en Borgarbókasafnið sér um Bókaverðlaun barnanna. Börn í Grundarfirði hafa getað tekið þátt síðustu þrjú ár. Myndir af bókum ársins eru á veggspjaldi sem hangir uppi í grunnskóla og bókasafni.
- **Vika bókarinnar** er í kringum alþjóðlegan **Dag bókarinnar** sem ber upp á 23. apríl, fæðingardag Halldórs Laxness.
- Vefsíða bókasafnsins geymir ýmsar upplýsingar. Nokkrum sinnum á ári er fjölbreytt eða mikilvæg vefsíða kynnt, efnisskrár bættar og safnfræðsla var sett upp til sjálfshjálpar.

Bókasafn Grundarfjarðar
Borgarbraut 16, gengið inn að ofanverðu.
Sími 430 8570.
Netfang: bokasafn (há) grundarfjordur.is
Veffang: <http://www.grundarfjordur.is>

Opnunartímar frá 17. ágúst til 31. maí:
Safnið er opnað kl. 15:00 alla virka daga.
Mánudaga - miðvikudaga er opið til kl. 18:00,
á fimmtudagskvöldum áfram til kl. 20:00.
Föstudaga er opið til kl. 17.

Sumartími er kl. 13-18 á fimmtudögum.

Unnið í janúar 2007 af Sunnu Njálisdóttur.